

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Þekkingarsetrið Nýheima.

### 1. gr.

Þekkingarsetrið Nýheimar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing er á Höfn í Hornafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

### 2. gr.

Stofnaðilar Þekkingarsetursins Nýheima eru: Skólaskrifstofa Hornafjarðar, kt. 460269-4639, Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, kt. 491087-2509, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kt. 580607-0710, Ríki Vatnajökuls ehf., kt. 420707-2580, Náttúrustofa Suðausturlands, kt. 440213-0490, Mátis, kt. 670906-0190, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, kt. 550992-2489 og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, kt. 480775-0159.

Stjórn er heimilt með 2/3 greiddra atkvæða á löglega boðuðum stjórnarfundum að veita öðrum en taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. aðild að stofnuninni.

Stofnaðilum, eða öðrum sem veitt hefur verið aðild, sbr. 2. mgr. 2. gr., er heimilt að draga sig út úr starfi stofnunarinnar. Skal tilkynna formanni um það skriflega og tekur uppsögnin gildi á næsta ársfundi á eftir, sbr. 5. gr.

Stjórn skal halda skrá um hverjir eigi aðild að stofnuninni hverju sinni.

Stofnfé Þekkingarsetursins Nýheima var við stofnun kr. 1.080.000.

Hver stofnun innan Nýheima greiðir við inngöngu kr. 120.000 í stofnfé og er gjaldið óendurkræft.

### 3. gr.

Þekkingarsetrið Nýheimar byggist á hugmyndafræði og samstarfsneti um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun á Suðausturlandi.

Markmið með starfsemi Þekkingarsetursins Nýheima eru eftirfarandi:

- að efla félagslega virkni aðila í Nýheimum;
- að efla samstarf stofnana og fyrirtækja í Nýheimum með sérstaka áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun;
- að auka samheldni á Suðausturlandi, efla traust í samskiptum milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana;
- að stuðla að virkri félagslegri þátttöku allra íbúa;
- að efla menningarstarf á svæðinu;
- að tryggja aðgengi að fjölbreyttu og góðu námi fyrir íbúa svæðisins alla ævi;
- að efla grunnrannsóknir á atvinnulífi, náttúruferum og samfélagi á Suðausturlandi;
- að stuðla að samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila;
- að örva nýsköpun, fjölga störfum og auka fjölbreytni á Suðausturlandi;
- að upplýsa íbúa, stjórnvöld og fyrirtæki um starfsemi Nýheima;
- að auka lífsgæði.

### 4. gr.

Fjöldi stjórnarmanna skal vera jafn fjölda þeirra sem eiga aðild að stofnuninni hverju sinni, sbr. 2. gr. þannig að hver aðili tilnefni einn stjórnarmann til tveggja ára í senn, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. Stjórnarmenn eru skipaðir á ársfundi samkvæmt tilnefningu stofnaðila.

Falli stjórnarmaður úr stjórn af einhverjum ástæðum velur sá aðili sem hann tilnefndi annan í hans stað til stjórnarsetu frá og með næsta stjórnarfundum. Stjórnin skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn og kys sér formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt

vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók.

Stjórn Þekkingarsetursins fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum stofnunarinnar skv. 3. gr. Stjórn ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og setur henni reglur. Stjórnarfundir skulu boðaðir með a.m.k. 3 daga fyrirvara. Stjórnarmaður vikur af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega eða hann á hagsmuna að gæta. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Stjórn hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.

#### 5. gr.

Formaður stjórnar boðar til ársfundar með dagskrá með minnst 7 daga fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Auk þess skal taka fyrir á ársfundi breytingar á aðild að stofnuninni, ef einhverjar eru, en að þeim loknum skal lýsa tilnefningum í stjórn.

Ef aðili að stofnuninni dregur sig úr henni, sbr. 3. mgr. 2. gr., skal það staðfest á ársfundi og skal sá stjórnarmaður sem viðkomandi aðili tilnefndi þá hætta í stjórninni.

Ef aðila er veitt aðild að stofnuninni skal það staðfest á ársfundi. Ef nýr stjórnarmaður kemur inn í stjórn með þessum hætti á miðju tímabili stjórnar, sbr. 1. mgr. 4. gr., er hann aðeins kjörinn út tímabil þeirrar stjórnar, sem þá situr.

#### 6. gr.

Stjórnin ræður verkefnastjóra til starfa og ákvarðar um starf hans og kjör. Hann er talsmaður stofnunarinnar, annast daglegan rekstur, fer með stjórn fjármála stofnunarinnar og annast reikningskil í umboði stjórnar. Verkefnastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og fjár og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Verkefnastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

#### 7. gr.

Tekjur Þekkingarsetursins Nýheima, auk vaxta af stofnframlagi, eru eftirfarandi: Opinber framlög, tekjur fyrir þjónustu, framlög aðila samkvæmt samningum, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi, styrkir og aðrar sértekjur. Tekjum og eignum Þekkingarsetursins Nýheima skal eingöngu varið í hverjum þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum þess sbr. 3. gr. og að fengnu samþykki stjórnar.

#### 8. gr.

Ekki má skuldsetja stofnunina með lántöku eða veðsetja eignir hennar.

#### 9. gr.

Reikningsár Þekkingarsetursins Nýheima er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Verkefnastjóri skal fyrir 1. desember ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að endurskoðaður ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

#### 10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á ársfundi enda sé fundur löglegur og boðaður með viku fyrirvara og tillaga um slíkt verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Þekkingarsetrið Nýheimar verður aðeins lagt niður með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skal eigum hennar ráðstafað með tilliti til markmiða hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari og skulu breytingar á henni einnig hljóta staðfestingu hans. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 6. maí 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013